

Fréttabréf



HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þann 23. október 2001 kl 20:00 í Norrænahúsinu. Efni fundarins er sem hér segir:

Borun í Hofsjökul og Grænlandsjökul
Þorsteinn Þorsteinsson
Oddur Sigurðsson

HAUSTFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS 2001

Á komandi haustfundi mun Þorsteinn Þorsteinsson jarðeðlisfræðingur greina frá North GRIP djúpboruninni í Grænlandsjökul. Eftir hlé verður síðan myndasýning þar sem þeir Þorsteinn og Oddur Sigurðsson jarðfræðingur munu greina frá borun í Hofsjökul á liðnu sumri.

Djúpborun í vanda

Í pistli sem birtist í Fréttabréfi Jökklarannsóknafélagsins sl. vor var stuttlega greint frá North GRIP djúpboruninni á Grænlandsjökli og gangi hennar undanfarin ár. Stefnt var að því að bora í gegnum neðstu 150 metrana nú sl. sumar og ná botni á um 3080 m dýpi, en það fór á annan veg en ætlað var.

Hefja þurfti starfið á því að hreinsa úr neðsta hluta holunnar um 1400 lítra af frostlagarblöndu, sem hellt var í hana er borinn festist á 2930 m dýpi sumarið 2000. Tókst þessi aðgerð vonum framur og var síðan tekið til við borun á ný snemma í júnímánuði. Of áhættusamt þótti að beita djúpbornum og var því einungis notast við styttri bor, sem nær allt að 1.3 metra löngum ískjarna í hverri færú. Við venjulegar aðstæður hefði verið unnt að bora að meðaltali 10 m á dag og ljúka verkinu á um 2 vikum, en fljótlega kom í ljós að við mikinn vanda var að etja. Hvað eftir annað stöðvaðist snúningur borsins á holubotni er aðeins höfdu borast 20-30 cm, vegna samþjöppunar og pökkunar spónanna utan um borkrónuna og einnig var algengt að bortennurnar "skautuðu" á holubotninum en næðu ekki að vinna á ísnum. Meðalborun var einungis um 2 m á dag og í lok júlí var verki hætt á jöklinum eftir að 3001 m dýpi hafði verið náð.

Í fyrirlestrinum verður greint frá boruninni í máli og myndum, lýst að nokkru hinum margvíslegu erfiðleikum, sem við var að glíma og líklegum orsökum þeirra. Sagt verður frá vísindalegri könnun ískjarnans og nokkrum niðurstöðum, sem fengist hafa til þessa og rætt um möguleika á að boruninni verði fram haldið niður á botn jökulsins í náinni framtíð.

KJARNABORUN OG ÖNNUR VERKEFNI Á HOF SJÖKLI SUMARIÐ 2001

Í ágústbyrjun var farinn tveggja vikna leiðangur á Hofsjökul á vegum vísindamanna á Orkustofnun, Raunvísindastofnun og Veðurstofu Íslands, með stuðningi Hjalparsveitar Skáta í Reykjavík, Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar. Tilgangurinn var að reyna borun á hábungu jökulsins með

ískjarnabor, sem Alfred Wegener stofnunin í Bremerhaven hefur á ný lánað

til Íslands. Allvel tókst til og náðist 100 m ískjarni á 8 dögum, en vatn í jöklinum olli að sjálfsögðu margvíslegum erfiðleikum við borunina. Samtímis þessu var unnið að reglubundnum afkomumælingum á jöklinum, sótt sýni úr gjóskuröndum á jökulsporðum og gerðar nákvæmar GPS mælingar af yfirborði jökulsins yfir öskjunni miklu.

Þátttakendur munu sýna myndir úr leiðangrinum og greina frá yfirstandandi rannsóknum á ískjarnanum.

Þorsteinn Þorsteinsson

VORFERÐ JÖRFÍ Á VATNAJÖKUL 2001

Víkuna 1. til 10. júní síðastliðinn var farið í vorferð Jöklaannsóknafélags Íslands á Vatnajökul. Í ferðinni voru um 30 þátttakendur, þeirra á meðal 5 heiðursgestir. Helstu verkefni fararinnar voru:

1. afkomumæling í Grímsvötnum
2. mæling á vatnshæð Grímsvatna og eftirlit með vatnshæðarmæli
3. kortlagning Grímsvatna með DGPS
4. kortlagning Gjálpar með DGPS
5. afkoma á Bárðarbungu og Háubungu
6. athuganir á breytingum í gíg og jarðhita í Grímsvötnum
7. skoðun á Kverkfjöllum
8. vinna við hitarafstöðvar á Grímsfjalli
9. uppsetning skýlis fyrir díselrafstöð á Grímsfjalli
10. borun niður um ís á tind Gjálpar með heitavatnsbor
11. íssjarmælingar norðan Esjufjalla

Ferðin hófst að kvöldi 1. júní og var ekið sem leið lá í Jökulheima og gist þar. Morguninn eftir var haldið á jökulinn og tók nokkra stund að koma bílum og búnaði upp á Tungnaárjökul en það hafðist þó að lokum. Norðvestan Grímsvatna skiptist hópurinn og fór hluti hans niður að Gjálpar en hinir fóru upp á Grímsfjall. Í Gjálpar var komið fyrir íveruhúsi Landsvirkjunar sem dregið var á skíðum aftan í snjóþíl. Síðan var tekið til við að undirbúa heitavatnsbor sem notaður var til að bora niður á tind Gjálpar. Gekk það verk vel og voru boraðar tvær 140-150 m djúpar holur í ísinn en sú þriðja varð einungis rúmlega 70 m djúp. Tekin voru sýni af toppi Gjálpar og mældur hiti í holunum.

Af Grímsfjalli voru gerðir út hópar til mælinga með íssjá og DGPS tækjum. Þá voru einnig settar niður stikur til afkomumælinga. Korlagt var yfirborð Grímsvatna, Gjálpar og umhverfis Skaftárkatla.

Hluti hópsins hélt til á Grímsfjalli drjúgan hluta ferðarinnar og vann við endurbætur á hitarafstöð, uppsetningu skýlis fyrir díselrafstöð vestan Gamla skála auk þess sem gerðar voru ýmsar lagfæringar á tækjabúnaði á Grímsfjalli.

Síðasta daginn fór allur hópurinn í Kverkfjöll þar sem fólki gafst kostur á að baða sig í sólskini á nýbyggðum sólpalli við skála félagsins. Það vakti sérstaka athygli leiðangursmanna að yfirborð Gengissigsins var ísi lagt og því varð ekkert af fyrirhuguðum dýptar og hitamælingum í lóninu. Þess í stað var ísyfirborð lónsins kortlagt með DGPS ásamt vestasta hluta Hveradals sem tæmdist af vatni fyrir 3 árum.

Í ferðarlok var vatnshæðarmælisins í Grímsvötnum vitjað en síðan hófst þeysireið mikil niður Tungnaárjökul í átt að Jökulheimum þar sem árangursríkri ferð var fagnað með kvöldverði og öðrum skemmtilegum uppákomum.

SÓE / MTG.

VINNUFERÐ SKÁLANEFNDAR OG FL. Í JÖKULHEIMA.

Dagana 14.-16 sept 2001 fóru 13 félagar í Jökulheima. Megintilgangur ferðarinnar var að fjarlægja gasljós úr skálunum og gaseldavélina úr nýrri skálanum en þessi tæki voru ekki búin sjálfvirkum lokum er loka fyrir gasið ef ekki logar á viðkomandi búnaði.

Í staðinn var sett 12 V rafkerfi fyrir lýsingu í báða skálana og nýtt eldhúsborð og ný gaseldavél í nýja skála. Verkið tókst að mati “verktaka” nokkuð vel. Þar má sérstaklega þakka Ragnari Jörgensen rafvirkjameistara hans framlag.

Þá var borið á báða skálana, sett upp ný fánastöng og unnið talsvert í að vindþetta bílageymslu.

Guðmundur Þórðarson

ÁRSHÁTÍÐ

**Það styttest í árshátíðina. Takið frá laugardaginn 17.nóvember.
Þá hittast jöklafarar og skemmta sér í Fákshéimilinu.**

Nánar auglýst síðar.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen